

Hólmavík 4. ágúst 2022

## Ábending til sveitarstjórnar Strandabyggðar

Við undirrituð viljum koma á framfæri leiðréttingu sem tengist fundargerð 1333. sveitarstjórnarfundar Strandabyggðar frá 14. júní síðastliðnum. Um leið óskum við eftir að leiðréttingunni verði komið á framfæri við íbúa sveitarfélagsins. Þar er bókað í fundargerð orðrätt í umræðu um lið 2 sem varðar stöðu Strandabyggðar:

“Þorgeir segir að stjórnsýsluskoðun sé mjög öflugt tæki til skoðunar og nefnir að í stjórnsýsluskoðun v. 2020 hafi komið fram athugasemd varðandi gjöf sveitarstjórnar á hlut Hvatar í Sævangi.”

Við árlega stjórnsýsluskoðun eru fjölmörg mál tekin til skoðunar og umræðu og nánari upplýsinga aflað um þau. Sveitarstjóri svarar fyrirspurnum úttektaraðila og síðan er gefin út lokaskýrsla. Þar eru settar fram athugasemdir þeirra sem gera stjórnsýsluúttektina um það sem betur má fara og þarf að bregðast við.

Í stjórnsýsluúttektinni vegna 2020 er ekkert minnst á Sævang. Því er þessi yfirlýsing Þorgeirs Pálssonar oddvita í besta falli villandi og jafnvel má líta á hana sem hrein ósannindi. Við hvetjum núverandi sveitarstjórnarfulltrúa til að fullvissa sig um þetta, með því að skoða sjálf skýrslu dagsetta 28. apríl 2021 frá KPMG með Stjórnsýsluskoðun Strandabyggðar 2020, svo þau geti sjálf séð hið rétta í málinu. Jafnframt leggjum við til að sveitarstjórn birti þetta skjal opinberlega samhliða leiðréttingu, að fengnu leyfi KPMG, til að íbúar geti einnig glöggvað sig á málinu, enda er ekkert í úttektinni sem ekki þolir dagsljósið.

Erfitt er að sjá hvert markmið Þorgeirs með þessum ummælum í fundargerðinni 14. júní er. Þó má ímynda sér að hér sé á ferðinni tilraun til að skapa grundvöll fyrir sögusagnir og slúður. Eins gæti athugasemd hans, sem þarna ratar í fundargerð, einfaldlega borið vitni um takmarkaðan skilning hans á eðlilegum ferlum stjórnsýslunnar, en þann vanda þekkjum við sem vorum fulltrúar í fyrrverandi sveitarstjórn allt of vel.

Virðingarfyllst,

Jón Gísli Jónsson  
Guðfinna Lára Hávarðardóttir  
Ásta Þórisdóttir  
Pétur Matthíasson  
Jón Jónsson